Heimskringla
og
ÖLDIN.

AN ICELANDIC SEMI-WEEKLY NEWSPAPER PUBLISHED ON WEDNESDAYS AND SATURDAYS.

VI. ár. Nr. 10. | Winnipeg, Man., Canada, 2. Marz 1892. | Tölubl. 274.

FASTEIGNASÖLU-SKRIFSTOFA.

D. CAMPBELL & CO.

415 Main Str. Winnipeg.

— *S. J. Jóhannesson* special-agent. —

Vér höfum fjölda húsa og óbygðra lóða til sölu með allra sanngjörn ustu borgunar-kjörum, fyrir vestan Isabel tær., fyrir norðan C. P. R. braut og suðr að Portage Avenue; einnig á Point Douglas. Nú er bezti tími til að festa kaup á lóðum og húsum, því að alt bendir á að fasteignir stigi að mun með næsta vori.

MUNIÐ EFTIR

að ódýrasti staðr í bænum til að kaupa

GROCERIES, PROVISIONS,

MEL, FEED, LEIR- og GLER-VÖRU

— er hjá —

O. HOLLONQUIST,

Skaninafiskum kaupmanni.

Norskr fiskr, síld og ansjóur innflutt frá Noregi.

466 MAIN STREET,

Winnipeg, - - - Manitoba.

Íslendingar í Ameríku,

sem skulda mér fyrir Þjóðólf,

eru beðnir að borga mér þessar skuldir sem allra fyrst. Að öðrum kosti mega þeir búast við, að skuldirnar verði inaheimtar á þeirra eigin kostnað.

Reykjavík 6. Febr. 1892.

Þorleifur Jónsson.

MAN WANTED

To take charge of Local Agency.

Good opening for right man, on salary or commission. Whole or part time. We are the only grower of both Canadian and and American stock. Nurseries at Ridgeville Ont.; and Rochester, N. Y. Visitors welcome at grounds (Sunday excepted). Be quick and write for full information. We want you now.

BROWN BROS. CO., TORONTO, ONT.

(This House is a reliable, Inc. Co. Paid Capital $100,000.000.

KR. KRISTJANSON,

SKÓSMIÐUR,

Hefur flutt verkstæði sitt að

337 LOGAN STREET.

Hann vonast eptir að viðskiptavinir sínir láti sig ekki gjalda fjarlægðarinnar.

HOTEL BRUNSWICK,

Cor. Main & Rupert Sts.
Winnipeg, - - Man.

AFBRAGÐ Í ÖLLU TILLITI.
GOTT FÆÐI.
NÝ-SETT Í STAND, PRÝTT, GÓÐ HERBERGI.

Fínustu vínföng og vindlar.

McLAREN BROS., eigendr.

May 1.

— VIÐ SELJUM —

SEDRUS-GIRDINGA-STOLPA,

sjerstaklega ódýrt.

—Einnig alls konar—

TIMBUR.

—SJERSTÖK SALA Á—

Ameríkanskri þurri hvít-furu.

WESTERN LUMBER COMPANY (LIMITED).

Á horninu á

PRINCESS OG LOGAN STRÆTUM.

WINNIPEG,

☞ Ýmsir vinir og viðskiftamenn eiga bréf hjá mér um þessar mundir, sem ég hef eigi komist yfir að svara. Ég bið þá hafa þolinmæði, og skal reyna að svara öllum sem fyrst.

Jón Ólafsson.

Íslands-fréttir.

Eftir „Ísafold".

(2. Dec.):

— *Mannslát.* Laugardagskvöldið 28. f. m. ljezt í Norðurkoti í Vogum merkisbóndinn Nikulás Jónsson á 77. aldursári. Hann hafði búið þar allan sinn aldur; „var ávalt sómi sveitarfjelags síns og mesti atorku- og dugnaðarmaðr".

(9. Dec.);

— *Skaftafellssýslu* miðri 19. nóv.: Tíð hefir verið ágæt oftast í haust. Hinn 1. þ. m. hljóp upp hvalur 28 álna langur á Viðborðsfiörum á Mýrum við Hornafjörð. Hann var samstundis skorinn upp og fluttur heim. Sagt er, að eigendur hafi ekkert selt af honum, en mikið gefið, bæði í Mýrasveit, og einnig úrsveitis.

12. des.: 8. þ. andaðist að Hákoti á Álptanesi eptir stutta legu húsfreyja *Hólmfríðar Erlendsdóttir*, 36 ára, gáfuð og góð kona; gipt í annað sinn fyrir tæpum 2 áruum.

Lík í heytótt. Á bæ einum í Biskupstungum, Kervatnsstöðum, fannst fyrir skömmu í heytótt, er leyst var heyið með öðrum vegguum, lík af manni, er hvarf í sumar á næsta bæ, Arnarholti, og Oddur hjet Erlendsson. Var ætlað, að hann hefði fyrirfarið sjer, af hugsýki út af því, að hann var kærður um þjófnað fyrir litla sök eða enga.

(16. Dec.):

Skipskaði af Akranesi. Þar er eigi ein báran stök. Týndist skip með 7 mönnum á leið þaðan 9. þ.m. til Reykjavíkur, en hinum 8. varð bjargað af kili. Það var komið skammt á leið, á að gizka fjórðung viku frá landi, þar sem skemmst var undan (Hólmsbæjunum), í hægu leiði fremur og alveg hættulausu, að ætlun þeirra er á landi voru, en allmiklu frosti. Kom þá mjög snörp hviða, ofan af Akrafjalli eða fyrir fjallsöxlina, og slengdi skipinu, er var meðal-sexmannafar, þegar á hliðina. Segir sá, sem af komst, að formaður hafi skipað að taka saman seglin, og hafi það gjört verið, nema framseglið var enn uppi, er skipinu sló um. Komust 4 mennirnir á kjöl, en 3 hröktust þaðan eða ljetust eptir litla stund. Hinn 4., er af komst hafðist þar við nær 2½ stund á að gizka, og hefir það verið mikil þrekraun, en maðurinn hinn hraustasti, Jón Arnason frá Heimaskaga. Sást um síðir af landi í kíki, að eitthvað mundi hafa hlekkzt á, eigi þar sem næst var, heldur af Skaganum, þaðan sem skipið hafði lagt frá. Var þegar mannaður út 8-æringur með 9 á, fyrir forgöngu þeirra Finnboga Lárussonar í Kringlu og Einars Ingjaldssonar á Bakka. Þeir fengu borgið manninum einum af kilinum. Hinir voru allir látnir þá fyrir fullum 2 stundum.

Þeir sem drukknuðu voru: formaðurinn og skipseigandinn Sveinbjörn Þorvarðarson, heit. hreppstjóra Ólafssonar frá Kalastöðum, og Margrjetar Sveinbjarnardóttur prests Sveinbjarnarsonar, maður hátt á fertugsaldri, kvæntur á Akranesi og átti eptir sig 5 börn í æsku; systir Sveinbjarnar, Rannveig, yngismær efnileg um tvítugt, til heimilis hjá móður sinni í Reykjavík; Kristján Finnsson frá Sýruparti, fyrirvinna hjá móður sinni; Jón í Presthúsum, kvæntur maður og lætur eptir sig 2 börn ung; Erlendur frá Sjóbúð, roskinn maður ókvæntur. Hannes Ólafsson lausamaður, upprunnin úr Mosfellssveit. og Einar Halldórsson frá Bakka, nýfermdur unglingur.

Tveim dögum síðar, 11. þ. m. tók að reka farvið af skipinu suður á Stóru-Vatnsleysu, og daginn eptir skipið sjálft og nokkuð af flutningi, er á því var, svo sem smjör, tólg, sæng, rjúpa í kössum og ýmislegt fleira. Brotnaði skipið til múna í landtökunni, að Stefán bóndi skrifar á Vatnleysu.

Mannalát. Af Eyrarbakka skrifað 10. þ. m.: Sigurður Teitsson bóndi í Naustakoti á Eyrarbakka varð bráðkvaddur í gær. Hann var að koma heim að bæ sínum og hneig niður við bæjardyrnar. Annar bóndinn á Arnarbæli í Grímsnesi, Ingimundur Sigurðsson, ungur maður, var á heimleið af Eyrarbakka í vikunni er leið og hefir eigi komið fram; er ætlað að hann muni hafa drukknað ofan um ís á Hvítá, undan bænum.

Ísl. skaðabótamál fyrir norskum dómstólum. Johan Lange nafnkendr málsmetandi kaupmaðr í Bergen, kunnr Íslendingum, ýmsum sem prakkari, hafði sent óþokkabrjef um Jón kaupmann Jónsson frá Borgarnesi til ýmsra verzlunarhúsa í Englandi og Danmörk, og auk þess tregðast um að greiða Jóni það, sem Jón átti hjá honum. Hann er nú með dómi í Björgvin. dæmdr til að greiða skuld sína til Jóns og greiða honum skaðabætr fyrir traustspilli og málskostnað.

(2. Jan.):

— *Ölfusárbrúarvegurinn*, sem mest hefir orðið tíðrætt um í Ísafold, hefir, eftir því sem lesa má í síðustu Stjórnartíð., kostað 10,294 kr., ef öll kurl eru þá komin til grafar. Áætlunin var 5000! Þótt menn vildu draga frá jafnvel 1000 kr. af þessu fje sem óeytt í nýjum verkfærum og áhöldum, þá kostar samt hver faðmur í vegspotta þessum meira en 7 kr.! Hann er sem sje 1322 faðmar alls.

— *Mannalát.* Ung kona og mannvænleg, Jónasína Sigurbjörg Sigurðardóttir, af ætt Jónasar skálds Hallgrímssonar, andaðist hjer í bæ rjett fyrir jólin (20. dec.) frá manni sínum, Hjálmari kennara Sigurðssyni, og einu barni þeirra.

(9. Jan.):

— *Í bæjarstjórn* var kosinn í gær hér í bænum Halldór Jónsson bankagjaldkeri með 44 atkv. Ólafur Rósenkranz kennari fjekk 17 atkv., Gunnl. Pjetursson í Háaleyti 13; aðrir 2 sitt atkv. hvor.

— *Veðrátta.* Norðan-stormur með allmiklu frosti hefir staðið nokkra daga undanfarna þangað til í gær; lagði Skerjafjörð allan og höfnina hjer talsvert, en ólendandi skipum. Í dag er blíðviðri, og mun almenningur leita suður í Garð til fiskjar.

(13. Jan.):

— *Endurskoðunarmenn* bæjarreikninganna í Reykjavík um 6 árin næstu voru kosnir 9. þ. m. þeir Sighvatur Bjarnason bankabókari (18 atkv.) og Ólafur Rósenkranz kennari (12).

— *Veðrátta* er nú með eindregnum vetrarblæ, frost talsverð að jafnaði og fannkoma allmikil síðustu dagana. Fátt um ferðir á sjó og landi.

(20. Jan.):

— *Aflabrögð.* Í gær komu flestir heim aftur hingað, er farið höfðu suður í Garð í túr fyrir meira en viku, margir án þess að hafa dregið eina skepnu úr sjó, en sumir með nokkuð að tölunni til, fáir þó, og ofur-smátt; gæftir svo sem engar.

Eyrarbakka. Fiskilaust hefir verið í allt haust, enda sjaldan gefið að róa.

(27. Jan.):

— *Aflabrögð.* Afli mikið góður í Bolungarvík eptir nýárið, þá sjaldan róa gaf. Í Garðsjó var róið laugardag 23. þ. m., í slæmu sjóveðri og fengu einhverjir 50 í hlut af góðum stútungsfiski á lóðir í einu kasti (10 hlutir); einnig nokkur afli á færi.

— *Morðsaga ný.* Maður er grunaður um morð vestur í Ísafjarðarsýslu, í Önundarfirði, Sigurður nokkur, auknefndur „skurður", roskinn maður frá Flateyri. Hann fylgdi skömmu fyrir jól, ásamt öðrum manni, er Salómon hjet Jónsson, lausamaður á Flateyri, Álfi nokkrum Magnússyni af Suðurnesjum (áðr í skóla) og 2 Súgfirðingum á leið frá Flatey eða næsta bæ (Eyri) yfir að Stað í Súgandafirði. Allir voru þeir drukknir eða kendir meira eða minna, er þeir lögðu af stað. Á leiðinni höfðu þeir slegizt Álfur og Salómon, og Salómon snúið einn aptur. Nokkru síðar skilur Sigurður við Súgfirðingana á há-heiðinni og snýr aptur, kemur einn heim um kveldið og ætzt ekkert vita um fjelaga sinn, Salómon; svarði því til, að sumra sögn, að hann mundi gista á Klofningsdal í nótt, en það er eyðidalur á heiðinni milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Daginn eftir var leitað að Salómon dauðaleit og fanst hann dauður skamt frá veginum, upp á Klofningsdal, með áverka-merki á höfði, en að læknisáliti (cand. Halldórs Torfasonar) líklega dáinn úr kulda. Sýslumaður fór og hélt próf í málinu. Urðu þeir Álfr og Súgfirðingarnir alveg samsaga, en Sigurður varð tvísaga eða margsaga, og sannaðist á hann að auki, að hann hefir haft hótanir um það við Súgfirðingana, að hann skyldi berja Salómon þegar hann næði honum. Ljet því sýslumaðurinn setja hann í varðhald. En það bar hann stöðugt, að ekki hefði hann fundið Salómon á heimleiðinni, og haldið hann kominn heim á undan sér. Þar sem líkið fannst, á að hafa ajezt allmikið traðk í snjónum. Frekari vitneskja eigi fengin um atburð þenna og er þetta haft eftir bréfum frá áreiðanlegum mönnum vestra.

— *Mannalát.* Dáinn 19. Dec. f. á. uppgjafaprestur Þorkell Eyjólfsson á Búðum.

— *Slysfarir og hryðjuverk.* Maður varð úti 11. f. m. nærri Kóngsbakka í Helgafellssveit, vinnumaður frá Staðarstað, í sendiferð þangað.—Maður drukknaði í Blöndu á Þorláksmessukvöld, Jason Jónsonsson, frá Kúskerpi, gekk í vök ógáður.—Kona datt ofan stiga og dó á Titlingastöðum í Víðidal á annan í jólum, tengdamóðir bóndans, á sjötugs aldri; er mælt, að gengið hafi úr hálsliðum.

Maður fyrirfór sjer, skar sig á háls, í Tungunesi í Húnavatnssýslu, aðfaranótt annars í jólum, faðir Hallgríms bónda þar, á sjötugs aldri, ættaður vestan úr Dölum; hafði farið út um nóttina og fannst að morgni skamt frá bæjarhúsum með nefndum áverka. Sömu nótt hljóp kvennmaður upp úr rúmi og út, í Háagerði á Skagaströnd, fáklædd, fannst að morgni skammt frá bænum með litlu lífsmarki og andaðist brátt; hjet Sigurlaug Jónsdóttir, ekkja Björns bónda Jóhannessonar á Harastöðum, er drukknaði þaðan fyrir mörgum árum. Er ætlað að hún hafi verið biluð á geðsmunum; hafði gert hið sama eitt sinn áður í haust—að hlaupa upp úr rúmi sínu um nótt.

Maður beit því nær nef af kvennmanni á Fagranesi á Reykjaströnd, Elínu, móður Árna prests þar, en ekkju Björns bónda föður hans Sigurðssonar á Tjörnum á Skaga. Heitir illvirkinn og Björn Sigurðsson, ólánsflækingur og sagður tuddamenni upprunninn á Kaldrana á Skaga, auk þess flogaveikur; var hjer í Reykjavík fyrir skemmstu nokkur missiri, og þótti jafnvel háskagripur fyrir vanstillingarsakir, ef hann reiddist; fjekkst við smá-myndaskurð með talsverðum hagleik. Hann hafði átt í glettum við annan kvenmann á bænum, reiðzt illa að vanda og elt hana, en hitt fyrir prestmóður, ræðst á hana með þessum orðum: „Bágt átt þú, þú ert músin en jeg er kötturinn; og varaðu þig nú!" varpar henni til jarðar, og ætlar að bita hana á barkann, en hitt verður úr, að hann bítur um nefið og varð af mjög mikið sár og illt; sleppti hann eigi tökum fyrri en brugðið var snöru um háls honum og hann hálf-kyrktur. Lækni tókst og sauma saman sárið, og er konan að sögn úr allri lífshættu.

(3. Febr.):

— *Með póstskipinu* kom heim aftr Sigm. Guðmundsson prentari, frá Ameríku.

— *Sunnudaginn* 20. Dec. andað ist að heimili sínu Tungu í Gaulverjabæjarhreppi konan Kristín Bjarnadóttir eftir fárra daga legu. Hún var 72 ára.

—6. febr. „*Sæbjörg*" heitir nýbyrjað blað í Reykjavík, mánaðarblað, er hinn nafnkunni bjargráðamaður, sira *Oddur V. Gíslason*, gefur út á sinn kostnað. Mynd er í hverju blaði fremst,—í janúarblaðinu menn í skipreka á hafi úti, í febrúarblaðinu maður í lífsháska framan í sjávarhömrum. Kvæði fylgir hverri mynd og ritningargreinir. Að öðru leyti er innihaldið um ýmis konar bjargráð, andleg og líkamleg: um lýsi og olíu, og kjalfestupoka, formannareglur; um fiskiverkun; um veiðarfæri; skýrslur frá bjargráðanefndum o. fl. Hvert número 16 dálkar, í allstóru 4 blaðabroti, og kostar 1½ kr. árgangurinn.

Ný lög. Tólf lög frá síðasta alþingi hefur konungur staðfest frá því síðast, eða alls 26 (áður 14) af 31. Þessi tólf lög eru:

15. Um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík.
16. Um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.
17. Um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
18. Um breyt. á kgsúrsk. 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundar staðakirkju.
19. Um brýrnar á Skjálfandafljóti.
20. Um samþykktir um kynbætur hesta.
21. Um aðfluttar ósútaðar húðir.
22. Um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í Vesturamtinu til æðarvarpsræktar.
23. Um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala.
24. Um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík.
25. Um löggilding verzlunarstaðar (við Ingólfshöfða).
26. Um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.

Nr. 15.—21. hafa verið staðfest 11. desember f. á., en hin 15. jan. þ. á.

DR. PRICE'S Cream Baking Powder.

Brúkað af millíónum manna. 4fi ára á markaðinum.

Hin óstaðfestu 5 eru: breyting á alþingiskosningarlögunum, um friðun á laxi, um jarðamat í Vestur-Skaptafellssýslu, um eyðing svartbakseggja og um breyting á 35. gr. aukatekjureglugj.

Dánargjöf handu Íslandi. Í „Dimmalæting" stendur, í brjefi frá nafngreindum, merkum manni í Khöfn, að ungur auðmaður í Khöfn, Lotz að nafni, er dó í vetur, hafi ánafnað munaðarleysingjafjelagi á Færeyjum 20,000 kr. eptir sinn dag og Íslandi sömuleiðis talsverða dánargjöf, en eigi nefnt hvað mikla eða í hverju skyni sjerstaklega.

FRÉTTIR.

ÚTLÖND.

Noregr. Þaðan bárust þau merkis-tíðindi, 17. f. m., að **Johan Sverdrup** sje andaðr.

Noregr missti þar einn inn merkasta og bezta son, er það hefir nokkru sinni átt, og má óhætt segja að síðan Noregr varð sjálfstætt ríki í byrjun þessarar aldar, hafi enginn maðr haft jafn-mikil áhrif á sögu þess lands sem Johan Sverdrup.

Hann var fæddr 30. Júlí 1816, sonr Jacob Sverdrups, er var bróðir prófs. Georg Sverdrups, þess er var ráðunautr Kristjáns prins 1814 og einn af inum helztu Eiðisvallarþingmönnum. Œttin var dönsk. Johan Sverdrup var lögfræðingr, en hafði á háskóla-árum sínum stundað jafnframt sögu, málfræði, þjóðmegnanfræði eg ýmsar aðrar fræðigreinar, og kom honum það að góðu haldi síðan.—Æfisaga hans með mynd er til í Almanaki þjóðvinafjel. fyrir árið 1882, rituð af Jóni Ólafssyni.

Sverdrup var forvígismaðr þjóðlegrar sjálfstæðisbaráttu Norðmanna, og höfundr eða framkvöðull flestra inna merkustu rjettarbóta, er í því landi hafa orðið á síðasta mannsaldri. Má meðal annars nefna árleg stórþing, alþýðuskólalög (1860), endrbót á lærðaskólalögunum (1869), afnám landstjóra embættis, endrbót hermálslöggjafar, járnbrautalagningar, skattalög, sveitargjalda-lög, inn-leiðslu kviðdóms, aðgang ráðgjafa að þingi, o. fl. o. fl., sem oflangt yrði hjer að telja.

1884 varð hann forsætisráðgjafi konungs, og hafði þá fylgi allra frjálslyndra manna í Noregi. Mun enginn maðr hafa vinsælli verið um það skeið, né meira hataðr af óvinum sínum.

Brátt sundraðist þó flokkr hans, og þótti hann fylgja konungi of fast, eftir að hann var ráðgjafi orðinn. En hvað sem um það er, þá er enginn efi á því, að hann breytti svo jafnan sem hann hugði ættjörðu sinni hollast, eigi síðr þá en áðr, þótt honum hafi skjátlað í áliti sínu. Og engum manni á Noregr meira að þakka í frelsisbaráttu sinni en honum.

Þýzkaland. Í Berlin hefir verið í nokkra daga talsverðr órói af verklausum mönnum, og þótt það megi varla upphlaup heita, þá er það með stærstu upppotum af þessari tegund.

Fyrir annríkis sakir, er leiddi af samsteypu blaðanna, er frjettadálkurinn magr í þetta sinni hjá oss, en það skal verða bætt upp næst.

CHURCHBRIDGE, ASSA, Febr 10.

Nýdáinn er hér bóndi í nýlendunni Hjalti Hjaltason, norðlenzkr maðr. Heilsufar annars almennt gott. Veðrblíða síðan 20. f. m.; snjór rétt svo að sleðafæri getr heitið.